

**Nd.**

**67. Nefndarálit**

um frv. til laga um kennaraskóla.

Frá mentamálanefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta, og eru aðalbreytingarnar, sem það fer fram á, þessar:

Námstíminn við skólann verður 4 skólaár, 7<sup>1/2</sup> mán. hvert, í stað þess, að hann er nú 3 skólaár, 6 mán. hvert.

Ætlast er til, að sjerstakur barnaskóli til kensluæfinga sje reistur í sambandi við kennaraskólann, og sjeu í honum að minsta kosti 6 ársdeildir, þ. e. sá skóli rúmi a. m. k. 180 börn. Þessi barnaskóli hafi sjerstakan skólastjóra, er ríkissjóður launi; frv. ákveður ekki að öðru leyti, hver ætti að kosta byggingu skólahúss og rekstur skólans, en í athugasemdum sínum gera ráðunautar stjórnarinnar ráð fyrir því, að samninga verði leitað við Reykjavíkurbæ um að bærin greiði hálfan byggingarkostnað og launi að sínum hluta sem aðra barnakennara þá kennara, sem þyrfti við æfingaskólann, auk forstöðumanns hans og kennaraefnanna, en að öðru leyti annist og kosti ríkið rekstur skólans.

Ráðuneytinu til aðstoðar við yfirstjórn skólans sje skipað skólaráð, og eigi þar sæti skólameistari kennaraskólans og tveir skólafróðir menn.

Ýmsar smærri breytingar eru bein afleiðing þessara, svo sem aukning kenslunnar í einstökum greinum og fjölgun námsgreina m. m.

Nefndarmenn eru sammála um, að ekki sje tímabært að láta þetta frv. ná fram að ganga að þessu sinni, þótt skoðanir þeirra um málið sjeu að öðru leyti skiftar. Sumir líta svo á, að rjettara sje að auka kröfurnar um kunnáttu við inntöku í skólann, jafnvel heimta gagnfræðapróf til inntöku í kennaraskólann, fremur en að lengja námstímann í skólanum. Aðrir nefndarmenn líta svo á, að með frv. sje stefnt inn á rjetta braut, og beri að velja þá leiðina þegar fært þyki að gera strangari kröfur um mentun kennaraefna en nú.

Nefndin hefir leitað upplýsinga hjá skólastjóra kennaraskólans um ýms atriði, er málið snerta. Samkvæmt þeim telur nefndin, að breytingin muni útheimta einn fastan kennara auk þess kennarafjölda, sem nú er, og yrði það annaðhvort forstöðumaður æfingaskólans eða kennari við kennaraskólann sjálfan. Í skólanum eru nú 4 kenslustofur, og mundi mega þjargast við þær, þótt námstíminn yrði lengdur upp í 4 ár, en þá er tilfinnanleg vöntun á húsnæði fyrir lesstofu og bókasafn til afnota fyrir nemendur. Loks hefir skólastjórinn tjáð nefndinni, að hann telji mjög hæpið, að nægileg aðsókn verði að skólanum meðan núverandi dýrtið helst, ef skólavistin er lengd svo, sem frv. gerir ráð fyrir. Hefir hann leitað fyrir sjer hjá núverandi nemendum skólans um það, hve margir þeirra mundu hafa treyst sjer til að sækja skólann, ef lengd væri skólavistin eftir frv., og mikill meiri hluti þeirra látið í ljósi, að þeir mundu þá ekki hafa treyst sjer til að sækja skólann. Telur hann þetta eðlilegt, þar sem flestir nemendur sjeu fátækir alþýðumenn úr sveitum, er lífi mestmegnis á sumarvinnu sinni, og mundi því verða óhjákvæmilegt að auka námsstyrki við skólann að miklum mun, ef frv. ætti fram að ganga eins og nú stendur.

Auk þessara erfiðleika fyrir fátæka nemendur þykir nefndinni og sýnt, að frv. mundi hafa í för með sjer talsvert mikinn kostnaðarauka fyrir ríkissjóð, ef það yrði að lögum og kæmi til framkvæmda. Samkv. frv. hlyti ríkissjóður einn að kosta æfingaskólann, ef ekki næðist samkomulag við Reykjavíkurbæ um þátttöku í kostnaðinum, og þykir ekki líklegt, að allur rekstur þeirrar stofnunar mundi kosta mikið minna en rekstur kennaraskólans nú, er tillit er tekið til hækkaðs byggingarkostnaðar, og þótt vitanlega sparaðist þar á móti hluti ríkissjóðs af launum nokkurra kennara við barnaskóla Reykjavíkur, vegna fækkunar á börnum þar, þá yrði aukakostnaðurinn ávalt töluverður. Einnig innan sjálfs kennaraskólans mundi breytingin væntanlega hafa nokkurn útgjaldaauka í för